



Framkvæmda- fréttir 10. tbl. / 15



Pegar loksins gaf var Landeyjahöfn dýpkuð með snöggu átaki í lok apríl. Um tíma voru þrjú skip Björgunar að störfum í og við höfnina. Í upphafi verks var of grunnt í höfninni til að Perla gæti siglt út með fullfermi. Hún varð því að dæla efninu út yfir hafnargarðinn.
Ljósmynd: Helgi Þór Eiríksson.

Útboðsvefur um opinber útboð

Frumbirting útboðsauglýsinga á [útboðsvefur.is](http://utboodsvefur.is)

Framvegis munu útboðsauglýsingar Vegagerðarinnar verða birtar á nýjum vef, [útboðsvefur.is](http://utboodsvefur.is). Auglýsingar verða ekki birtar í þessu blaði og mun útgefnum tölublöðum fækka á ársgrundvelli. Listi yfir fyrirhuguð útboð, kynningar útboðsverka og niðurstöður útboða munu birtast hér eins og áður. Sjá nánar í næstu opnu. ▶

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 23. árg. nr. 640 11. maí 2015

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Útgáfa er óreguleg og nokkrar vikur líða á milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Skjáskot af forsíðu, Útboðsvefur.is

Útboðsvefur.is - um vefinn

Útboðsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða. Á vefsvæðinu eru birtar auglýsingar og eða tilkynningar um fyrirhugað innkaup opinberra aðila sem falla undir lög og reglugerðir um opinber innkaup. Undir það flokkast innkaup ríkis, sveitarfélaga og veitufyrirtækja þegar fjárhæðir innkaupa eru yfir innlendum og erlendum útboðsmörkum. Á útboðsvefnum geta opinberir aðilar einnig auglýst innkaup undir viðmiðunarmörkum til að tryggja gegnsæi.

Eftirtaldir aðilar eru ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu (FER) samstarfsaðilar að þessum útboðsvettvangi:

- Ríkiseignir
- Framkvæmdasýsla ríkisins
- Landsnet
- Orkuveita Reykjavíkur
- Reykjavíkurborg
- Ríkiskaup
- Vegagerðin

Á þessum útboðsvef eru birtar auglýsingar opinberra aðila og er leitast við að hafa upplýsingar sem réttastar. Útboðsvefurinn er ekki ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem hér birtast. Opinberir aðilar sem auglýsa á vefnum bera ábyrgð á sínu efni. Hver auglýsing bendir á upprunasvæði þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar. Breytingar vegna útboðsgagna svo sem breyting á opunardeg, breytingar á skilmálum í kjölfar fyrirspurna bjóðenda eru birtar á upprunasvæði hvers auglýsanda fyrir sig og ekki birtar sérstaklega á þessum vef. Vinsamlegast hafið samband við þann opinbera aðila sem auglýsir útboð varðandi frekari upplýsingar.

Auglýsingar útboða hætta að birtast í Framkvæmdafréttum

Það eru nokkur tímamót að þetta er síðasta tölublað Framkvæmdafréttanna sem birtir útboðsauglýsingar frá Vegagerðinni. Blaðið hefur komið út í rúm 22 ár en í upphafi var lítið annað efni í blaðinu en þessar auglýsingar. Ástæðan fyrir útgáfunni var sú að útboðsverkum Vegagerðarinnar fjölgaði mjög á þessum árum og reglan var sú að auglýsa varð hvert útboð í öllum dagblöðum sem þá voru fleiri en í dag. Í litlum verkum gat auglýsingakostnaður verið umtalsverður hluti fjárveitingarinnar. Vegamálastjóri ákvað þá að fara þá leið að Vegagerðin gæfi sjálf út sitt fréttabréf til að auglýsa og kynna útboð sín.

Í lögum um framkvæmd útboða, 1993 nr. 65 18. maí, segir:

„3. gr. Almenn útboð skal auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram kemur hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar. Bjóðendur skulu hafa aðgang að upplýsingum sem tilgreina nafn kaupanda eða umboðsmanns hans, það sem verið er að bjóða út, hvaða frestur er til að skila tilboði og hver skilafémi þess er sem verið er að bjóða út.“

Þrátt fyrir að auglýsingar útboða hafi birst á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, í mörg ár hefur yfirstjórn Vegagerðarinnar ekki treyst sér til að túlka ofangreint lagaákvæði á þann hátt að það væri gild frumbirting auglýsingar. Það hefur því þurft að gefa út Framkvæmdafréttir í hvert sinn sem birta þurfti auglýsingar. Það gat þýtt að tölublöðin væru fleiri en 30 sum árin.

Með uppsetningu þessa nýja útboðsvefs, að frumkvæði fjármála- og efnahagsráðuneytisins, er hægt að segja að birting auglýsingar á vefnum sé sambærileg við birtingu í blöðum enda getur túlkun laga breyst með breyttum forsendum. Hér þarf því enga lagabreytingu.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar hefur ákveðið að útgáfu fréttabréfsins skuli engu að síður haldið áfram en fækka tölublöðum verulega. Á móti kemur að hvert blað verður væntanlega stærra og efnismeira.

Ástæðan fyrir áframhaldandi útgáfu er sú hefð að kynna útboðsverk með loftmyndum og teikningum auk þess sem talsvert að öðrum fréttafni fellur til hjá Vegagerðinni.

Bláðið er nú birt á pdf formi í góðri upplausn á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Fljótlega verður farið í áttak til að fækka prentuðum eintökum en það skal tekið fram að allir áskrifendur sem kjósa að fá sent prentað eintak munu fá það áfram.

Listi yfir útboðsverk á baksíðu blaðsins mun birtast áfram í óbreyttri mynd. Leitast verður við að öll verk birtist á listanum með góðum fyrirvara og alls ekki síðar en einni til tveimur vikum fyrir skiladag.

Verktakar verða hins vegar að fylgjast vikulega með auglýsingum á útboðsvefnum eða vegagerdin.is til að vera vissir um að þeir hafi yfirsýn yfir öll útboð Vegagerðarinnar.

Niðurstöður útboða verða birtar í blaðinu eins og áður.

Af og til hefur Vegagerðin auglýst útboð í dagblöðum, jafnhliða auglýsingu í Framkvæmdafréttum, þegar verkefnið hefur

Auglýsingar útboða

Þessi auglýsing birtist fyrst í dagblaði 2. maí.

Hornafjörður, viðhaldsdýpkun 2015-18

Hafnarstjórn Hornafjarðar óskar eftir tilboðum í viðhaldsdýpkun sem vinna á árin 2015 og 2017 með möguleika á allt að tveggja ára framlengingu á samningstíma. Svæðin sem dýpka á eru innan hafnar.

Helstu magntölur:

Dýpkun á lausu efni 50.000 m³ annað hvert ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) og á skrifstofu Hornafjarðarhafnar Hafnarbraut 27 á Höfn frá og með þriðjudeginum 5. maí 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 19. maí 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

verið verulega frábrugðið kjarnastarfsemi stofnunarinnar sem er veg- brúa- og hafnargerð. Gera má ráð fyrir að það verði gert að einhverju leyti áfram.

Það er von aðstandenda Framkvæmdafréttanna að blaðið haldi áfram að koma út um ókomin ár til fróðleiks fyrir verktaka og aðra áhugamenn um verklegar framkvæmdir. ■

Endurbætur á Hringvegi (1) á Svalbarðsströnd 15-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í styrkingu og endurbætur á 1,8 km kafla á Hringvegi (1). Kaflinn hefst um 135 m sunnan við Sveinbjarnargerðisveg (8555) með endastöð um 400 m sunnan við gatnamót Hringvegjar og Grenivíkurvegjar (83). Í útboðinu felst m.a. breikkun vegar, lenging ræsa, þurrfræsing og lagning tvöfaldrar klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Fylling	850 m ³
Skering	1.400 m ³
Fláafleygar	1.400 m ³
Burðarlag 0/22 mm (efni og vinna)	750 m ³
Styrktarlag 0/63 mm (efni og vinna)	1.250 m ³
Þurrfræsing	13.000 m ²
Tvöföld klæðing (vinna)	14.000 m ²
Lenging ræsa	10,5 m
Endafrágangur ræsa	5 stk.
Frágangur fláa	21.000 m ²

1. áfangi: Verktaki skal ljúka breikkun vegar, lengingu ræsa og frágangur fláa eigi síðar en 25. júlí 2015.

2. áfangi: Verktaki skal vinna við þurrfræsingu, afréttingu burðarlags og lagningu tvöfaldrar klæðingar á tímabilinu 10. ágúst - 1. september 2015. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 12. maí 2015. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 27. maí 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Vaðlaheidargöng, staða framkvæmda 2. maí 2015. Búið er að sprengja samtals 4.170 m sem er 57,8% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vaðlaheidi.is



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 2. maí 2015. Búið er að sprengja samtals 6.397 m sem er 84,6% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni þriggja rannsóknarskýrsla. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknarskýrslur“

Frærækt innlendra plöntutegunda til uppgræðslu (áfangaskýrsla vegna 2014)

Jón Guðmundsson, mars 2015.

Þessi áfangaskýrsla fjallar um fjórða ár verkefnisins, sem áætlað er að taki fimm ár að vinna. Verkefnið felst í fræræktar- og fræverkunartilraunum á þeim belgjuartegundum sem hafa reynst vel við uppgræðslu vegfláa. Markmiðið er að í lok verkefnisins verði til nothæft og vel spírandi fræ af hentugum tegundum til að nota sem stofnfræ fyrir þá sem vilja hefja framleiðslu. Jafnframt er gert ráð fyrir að það verði tiltækar ítarlegar upplýsingar um hvernig standa á að slíkri frærækt svo og sáningu og útplöntun tegunda.

Árangur fræræktunar er mældur með spírunarprófum, árangur fræræktar og sáningar með uppskerumælingum og gróðurgreiningu. Í skýrslunni eru umsagnir um einstakar tegundir sem eru í fræræktartilraunum.

Fram kemur að gróðurframvinda sumarið 2014 ein-kenndist af því að fræ þroskaðist seint. Fylgst var með blómgun og frævnun á tveimur svæðum á Rangárvöllum. Blómgun stóð yfir í langan tíma. Hunangsflugan húshumla var sem fyrr mikilvægasti frævarinn og er sennilega eina tegundin sem frævir rauðsmára, giljaflækju og vallertu. Stofnstærðin virðist þó enn vera lítil á tilraunasvæðinu.

Hvítsmári myndaði fræ en móhumla sem er líklegasti frævari hans var vart sýnileg á tilraunasvæðinu. Gosið í Eyjafjallajökli 2010, með tilheyrandi fínni ösku og ryki, hefur líklega haft neikvæð áhrif á hana eins og húshumluna. Einnig er hugsanlegt að móhumlan sé að víkja fyrir húshumlunni í samkeppni þeirra á milli um rými. Einhver frævnun var þó hjá öllum þeim belgjuartegundum sem unnið var með.

Verkefninu verður haldið áfram árið 2015.



Baunagrás í fræræktarspildu.

Umferðaröryggi á ljósastýrðum gangbrautum, stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu

Mannvit verkfræðistofa, mars 2015

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar veitti styrk til þess að greina óhöpp á ljósastýrðum gangbrautum sem þvera stofnvegi Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu, með það markmið að draga fram hvar mest þörf er á úrbótum.

Í verkefninu voru óhöpp á 43 ljósastýrðum gatnamótum



(Hluti myndar) Þær ljósastýrðu gangbrautir/gatnamót þar sem slys á óvörðum voru flest eru merktar með rauðu.

og ljósastýrðum gangbrautum yfir stofnvegi tekin til skoðunar. Skoðaður var fjöldi óhappa, alvarleiki þeirra og tegund. Gögnin sem unnið var með eru slysgögn frá Vegagerðinni sem ná yfir tímabilið 3. janúar 2000 til 31. mars 2014. Bent er á að þar sem tímabilið er langt hafa verið gerðar breytingar á ljósastýringum á hluta þeirra staða sem skoðaðir voru.

Á tímabilinu urðu samtals 5.885 óhöpp á þeim stöðum sem voru skoðaðir. Algengast var að ekið er aftan á bifreið (3.156 óhöpp á tímabilinu) og að ekið er á hlið bifreiðar (1.961 óhöpp). Þar sem óvarðir vegfarendur komu við sögu var 55 sinnum ekið á hjólreiðamann og 53 sinnum á gangandi vegfaranda. Í skýrslunni er bent á að æskilegt hefði verið að nota tíðni fremur en fjölda óhappa í greiningu sem þessari en þar sem upplýsingar um fjölda óvarinna vegfarenda sem fara um á hverjum stað liggja ekki fyrir er ekki hægt að reikna tíðnina.

Óhöpp óvarinna vegfarenda voru skoðuð sérstaklega. Af þeim 43 stöðum sem skoðaðir voru, voru 6 með fleiri en 5 óhöpp alls, samtals 46 slys. Af þeim voru 28 með litlum meiðslum og 8 með miklum meiðslum, 10 lenda í flokknum „annað“, en ekkert banaslys hafði orðið. Lagt er til að þessir sex staðir verði settir í forgang til að bæta öryggið.

Í skýrslunni er lagt til að skoðað verði hvort bæta megi öryggið á nefndum stöðum, með því að bæta upplýsingagjöf til vegfarenda við gangbrautarljós þannig að þeir fái að vita að forgangstími þeirra á götunni sé að klárast, t.d. með blikkandi rauðu, gulu eða grænu ljósi eða niðurtalningu (sek.). Erlendar reynslutölur sýna að með því er ekki aðeins verið að auka öryggi óvarinna vegfarenda, óhöppum þar sem tvær eða fleiri bifreiðar eiga í hlut fækkar líka. Erlendar rannsóknir sýna þó líka, að vanda þarf til verka til að tryggja að árangur náist og ekki er öruggt að aðferðin henti alls staðar.

VegVist - vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum (rit Lbhí nr. 59)

Guðrún Óskarsdóttir og Ása L. Aradóttir, Lbhí., mars 2015.

Verkefnið hófst árið 2014 og er tilgangur þess að stuðla að markvissri endurheimt staðargróðurs á svæðum sem raskað er við vegagerð. Helstu markmið verkefnisins fyrir árið 2014 voru að taka sama yfirlit yfir stöðu þekkingar varðandi endurheimt náttúrulegs gróðurfars í tengslum við rask vegna mannvirkjagerðar með áherslu á rask er tengist vegagerð. Þá átti að greina hvar helst vantar upp á þekkingu á viðkomandi sviði og gera tillögur um rannsóknir til að bæta úr. Síðan á að útbúa aðgengilegt fræðsluefni um endurheimt staðargróðurs sem sniðið er að þörfum aðila er vinna við frágang framkvæmdasvæða og þróa markviss námskeið um endurheimt staðargróðurs fyrir þá er vinna að undirbúningi og

eftirliti með vegafarmkvæmdum, svo og jarðvinnuverktaka og þeirra starfsmenn.

Ritið Lbhí nr. 59 fjallar að mestu um samantekt á stöðu þekkingar og rætt er um hvar þekkingu vantar. Í ritinu er lögð áhersla á að draga saman niðurstöður nýlegra innlendra rannsókna á sviðinu til að leggja fræðilegan grunn að þróun leiðbeininga, viðmiða og kennsluefnis. Fjallað er um umhverfisáhrif vega, vegvistfræði, uppgræðslu í tengslum við vegagerð, aðferðir við endurheimt staðargróðurs auk þess sem fram koma ýmis hagnýt atriði varðandi uppgræðslu. Einn kafla fjallar um frekari rannsóknir sem talið er að þurfi að gera.

Unnið verður áfram að verkefninu árið 2015 og þá gert ráð fyrir að vinna kennsluefni. ■

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla á Norðursvæði 2015, austurhluti 15-045

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu á Norðursvæði 2015, austurhluta.

Helstu magntölur eru:

Malarslitlag 17.000 m³
Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með miðvikudeginum 13. maí 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 27. maí 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Búrfellsvegur (351), Þingvallavegur – Búrfell 15-012

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð 2,3 km Búrfellsvegar frá Þingvallavegi að Búrfelli, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar 4.910 m³
Skering 4.795 m³
Ræsi 60 m
Fylling 8.715 m³
Neðra burðarlag 6.620 m³
Efra burðarlag 1.770 m³
Tvöföld klæðing 17.735 m²
Frágangur fláa 26.135 m²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september 2015.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 11. maí 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 27. maí 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Fræsing og afrétting vega

á Austursvæði 2015 15-031

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í fræsing og afréttingu vega á Austursvæði á árinu 2015.

Helstu magntölur eru:

Purrfræsing 23.000 m²
Efra burðarlag 1.000 m³
Tvöföld klæðing 23.000 m²
Klæðing, flutningur malar 700 m³
Flutningur bindi- og viðlöðunarefna 79 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 12. maí 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 27. maí 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Endurbætur á Skálholtsvegi (31), Iðubru – Helgastaðir 15-032

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbætur á 2,6 km Skálholtsvegar austan Iðubúar við Laugarás, ásamt útlögn klæðingar og frágangi.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar 2.150 m³
Purrfræsun 15.900 m²
Ræsi 18 m
Efra burðarlag 1.985 m³
Tvöföld klæðing 17.550 m²
Frágangur fláa 13.685 m²

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2015.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 11. maí 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 27. maí 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Vitaferð 2015 15-041

Tilboð opnuð 28. apríl 2015. Leiga á skipi ásamt áhöfn til að flytja þrjá starfsmenn Vegagerðarinnar hringinn í kringum Ísland til að þjónusta allt að 35 vita frá sjó, ásamt vinnu við ljósdúfl. Verktíminn er áætlaður um 13-15 dagar samfleytt í seinni hluta júnímánaðar. Upphafsstaður og endastaður er í Reykjavík.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2	Harður ehf., Patreksfirði	49.600.000	356,0	40.487
---	Áætlaður verktakakostnaður	13.933.576	100,0	4.821
1	Sigurbjörg Jónsdóttir ehf., Reykjavík	9.112.783	65,4	0

Niðurstöður útboða

Strákagöng (76), endurbætur

á rafkerfi 15-039

Tilboð opnuð 5. maí 2015. Endurbætur á rafkerfi Strákaganga. Verkið felst í að setja upp nýja neyðarstöðvar-skápa með símum og slökkvitækjum, bæta lýsingu, leggja ljósleiðara, setja upp lýst umferðarmerki, rafbakhjarla og setja upp iðntölvur og tengja ýmsan búnað við þær.

Helstu magnbólur eru:

Aflstrengir	1.000 m
Ljósleiðari – single mode, 24 leiðari	1.000 m
Uppsetning síma og slökkvitækjaskápa	6 stk.
Aðaltafla í tæknirými	1 stk.
Varaafli	2 stk.
Upplýst umferðarskilti	6 stk.

Verkinu skal að fullu lokið 1. desember 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Rafmenn ehf., Akureyri	24.786.801	134,6	2.581
1 Tengill ehf., Sauðárkróki	22.205.720	120,6	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	18.409.000	100,0	-3.797

Hvítársíðuvegur (523)

um Bjarnastaði 15-017

Tilboð opnuð 5. maí 2015. Endurbygging á 2,42 km kafla á Hvítársíðuvegi (523) og 0,65 km kafla Reykholtaldalsveggar (519). Hvítársíðuvegarkafliinn er að mestu í landi Bjarnastaða en Reykholtaldalsvegarkafliinn er frá Hálsasveitarvegi að Hvítársíðuvegi.

Helstu magnbólur eru:

Skering	6.040 m ³
Fylling	8.300 m ³
Fláafleygar	6.040 m ³
Ræsalögn	108 m
Endafrágangur ræsa	14 stk.
Efnisvinnsla 0/22 mm	4.000 m ³
Nedra burðarlag	10.950 m ³
Efra burðarlag	3.530 m ³
Tvöföld klæðing	20.710 m ²
Frágangur fláa	36.160 m ²
Bitavegríð	244 m

Útlögn klæðingar skal lokið fyrir 1. september 2015. Öllu verkinu skal lokið fyrir 15. september 2015

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Próttur ehf., Akranesi	65.246.978	114,2	6.678
3 Vörubifreiðastjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	63.847.700	111,8	5.279
2 Arnar Stefánsson, Hellu	59.492.500	104,1	924
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	58.569.000	102,5	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	57.125.000	100,0	-1.444

Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir

á Suðursvæði og Norðursvæði

2015 15-034

Tilboð opnuð 5. maí 2015. Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir með flötbiki og kaldbiki á Suðursvæði og Norðursvæði á árinu 2015.

Helstu magnbólur eru:

Flötbik	2.140 tonn
Kaldbik	2.720 tonn
Útlögn flötbiks	64.900 m ²
Útlögn kaldbiks	24.700 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	172.151.800	179,7	32.497
1 Arnardalur sf., Kópavogi	139.654.600	145,8	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	95.800.000	100,0	-43.855

Kokkálsvíkurhöfn, endurbygging

furubryggju 15-010

Tilboð opnuð 5. maí 2015. Sveitarstjórn Kaldrananes-hrepps bauð út verkið „Kokkálsvíkurhöfn, endurbygging furubryggju“. Verkið felst í að endurbyggja um 12 m furubryggju.

Helstu verkþættir eru:

Bryggjurif	80 m ²
Jarðvinna	
Steypa landvegg	12 m
Reka niður bryggjustaura	7 stk.
Endurbyggja bryggju úr gagnvarðri furu (NTR-M)	108 m ²

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. júlí 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	18.536.938	100,0	7.437
1 Lárus Einarsson, Kópavogi	11.100.200	59,9	0

Víravegríð á

Reykjanesbraut 2015 15-040

Tilboð opnuð 5. maí 2015. Efnisútvegum og uppsetning á 5,4 km löngu víravegríði á Reykjanesbraut (41).

Helstu magnbólur eru:

Víravegríð	5.400 m
Endafestur	6 stk.

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2015.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	37.800.000	100,0	11.352
2 Rekverk ehf., Akureyri	28.435.200	75,2	1.988
1 Nortek ehf., Reykjavík	26.447.600	70,0	0

Pá ...



... og nú



Vesturá í Miðfirði á Miðfjarðarvegi í Vestur-Húnavatnssýslu. Gamla myndin er úr safni Jóns J. Víðis. Nú liggur vegurinn nokkru austar í dalnum og það er langt síðan gamla brúin var tekin úr notkun. Hún var orðin léleg og því rifin fyrir nokkrum árum. Allvel hefur tekist að afmá merki um þetta mannvirki á þessum fallega stað en nokkrir steypuklumpar eru þó minnisvarðar um að þarna var eitt sinn glæsileg brú. Yngri myndin var tekin í lok ágústmánaðar 2014.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
15-058 Vopnafjörður, dýpkun 2015	2015
15-057 Siglufjörður, endurbygging Bæjarbyggju, stálþilsrekstur	2015
15-056 Álftanes, sjónvörn 2015	2015
15-054 Húsavík, lenging Bökubakka, stálþilsrekstur	2015
15-055 Húsavík, dýpkun við Bökubakka og Norðurgarð	2015
15-059 Norðfjörður, grjóttgarður 2015	2015
15-051 Landeyjahöfn, viðhaldsdýpkun 2016-17	2015
15-052 Dalvíkurbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur, sjónvörn 2015	2015
15-053 Harðviður 2015	2015
15-049 Norðfjörður, tunna á garðsenda	2015
15-046 Hólavegur (826), Hrísar - Grænahlíð	2015
15-050 Landeyjahöfn, dæluögn og dæla,	2015
15-048 Þorlákshöfn, viðhalds- og stofndýpkun 2015	2015
15-045 Efnisvinnsla á Norðurlandi, vesturhluti	2015
15-029 Endurbætur á Hringvegi (1) um Heiðarenda Jökulsá - Heiðarsel	2015
15-033 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35) sunnan Reykjavegar	2015
15-030 Sementsfestun á Vestursvæði	2015
15-028 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal 2. áfangi, Daðastaðir - Reykjadal	2015
15-027 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur, eftirlit	2015
15-026 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur	2015
15-018 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - Rauðasandsvegur	2015
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2015
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
15-044 Efnisvinnsla á Norðurlandi, austurhluti	11.05.15 27.05.15
15-043 Endurbætur á Hringvegi (1) á Svalbarðsströnd	11.05.15 27.05.15
15-047 Hornafjörður, viðhaldsdýpkun 2015-18 (útboð fyrst auglýst í dagblaði)	04.05.15 19.05.15
15-032 Endurbætur á Skálholtsvegi (31), lðubru - Helgastaðir	11.05.15 27.05.15
15-012 Búrfellsvegur (351) Þingvallavegur - Búrfell	11.05.15 27.05.15
15-031 Fræsun og afrétting vega á Austursvæði 2015	11.05.15 27.05.15
15-042 Flotbyggjur 2015 (útboð fyrst auglýst í dagblaði)	18.04.15 12.05.15
15-035 Endurbygging Diilksnesvegur (9739)	27.04.15 12.05.15
15-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2015, malbik	27.04.15 12.05.15

Útboð í forvalsferli	Auglýst: Opnað:
14-042 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, forval jarðgöng og vegagerð	02.06.14 15.07.14
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
15-039 Strákagöng (76), endurbætur á rafkerfi	20.04.15 05.05.15
15-040 Víravegrið á Reykjanesbraut 2015	20.04.15 05.05.15
15-017 Hvítársíðuvegur (523) um Bjarnastaði	20.04.15 05.05.15
15-010 Kokkálsvíkurhöfn, endurbygging furubryggju	20.04.15 05.05.15
15-034 Hjólafarýllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Norðursvæði 2015	20.04.15 05.05.15
15-041 Vitaferð 2015 (útboð auglýst í dagblaði)	13.04.15 28.04.15
15-038 Vesturlandsvegur, undirgöng við Aðaltún (útboð auglýst í dagblaði)	30.03.15 21.04.15
15-036 Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, malbik	30.03.15 14.04.15
15-007 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, malbik	30.03.15 14.04.15
15-015 Norðfjarðarvegur (92), brú á Eskifjarðará	23.03.15 14.04.15
15-025 Miðfjarðarvegur (704), Hringvegur - Staðarbakki	23.03.15 08.04.15
15-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2015, klæðing	16.03.15 31.03.15
15-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, klæðing	16.03.15 31.03.15
15-006 Yfirlangir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu	03.03.15 17.03.15
15-023 Viðhald malarvega á Suðursvæði 2015-2016, vegheflun	03.03.15 17.03.15
15-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing	03.03.15 17.03.15
15-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing	03.03.15 17.03.15
15-005 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu	02.02.15 24.02.15
15-013 Húsavík, sjónvörn 2015	12.01.15 27.01.15
Samningum lokið	Opnað: Samið:
15-022 Hornafjörður, sjónvörn við Suðurfjöru Jökulfell ehf. kt. 530105-2370	03.03.15 20.04.15
15-037 Girðingar á Suðursvæði 2015 Girðingarþjónusta Suðurlands kt. 540414-2460	14.04.15 30.04.15
14-058 Sjóvarnir á Akranesi og Hvalfjarðarsveit Jökulfell ehf. kt. 530105-2370	16.12.14 20.04.15